



Reykjavíkurborg

Já, það er gott að lesa



Höfundar skýrslu

Stjórnendur í Dalskóla, Fjósinu, Geislabaug, Ingunnarskóla, Maríuborg, Reynisholti,
Stjörnulandi og Sæmundarskóla,

Efnisyfirlit

1.	<i>Inngangur</i>	2
2.	<i>Lýsing á verkefninu</i>	2
	2.1 Aðstæður	2
	2.2 Hugmyndafræðin að baki verkefninu –	2
	2.3 Skipulag, umfang og framkvæmd verkefnisins	3
3.	<i>Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra</i>	4
4.	<i>Mat á verkefninu</i>	8
5.	<i>Greinargerð um notkun styrkjjár</i>	10
6.	<i>Kynning á verkefninu</i>	11
	<i>Heimildaskrá</i>	12

1. Inngangur

Verkefnið “Já, það er gott að lesa” er hugsað til að efla málþroska, læsi og lesskilning hjá börnunum í hverfinu okkar, Grafarholti og Úlfarsárdal. Að umsókninni standa allir sem starfa með börnunum í hverfinu: Þjónustumiðstöðin, þrír leikskólar, tveir grunnskólar, tvö frístundaheimili og hinn samrekni Dalskóli. Í verkefninu er ekki gert ráð fyrir að byggja upp samræmda stefnu í hverfinu, fyrst og fremst er það hugsað til að hver og ein starfsstöð geti bætt sig og fengið tækifæri til að læra af hinum ýmsu sérfræðingum og hvert af öðru. Þó verður unnin samstarfsáætlun um hvernig er staðið að læsis- og málþroskaskimunum og úrvinnslu þeirra.

Markmið

- að efla málþroska, læsi, lesskilning hjá börnunum í Grafarholti og Úlfarsárdal
- að efla faglega þekkingu kennara í leik- og grunnskóla á lestrarfræðum og raunprófuðum aðferðum í lestrarkennslu
- að efla þekkingu alls starfsfólks á raunprófuðum aðferðum varðandi málþroska og læsi
- að stilla saman notkun á skimunum varðandi málþroska og læsi
- að efla sérþekkingu sérkennara grunnskólanna og sérkennslustjóra leikskólanna og veita þeim vettvang samvinnu
- að auka samvinnu við frístundaheimilin í hverfinu og nýta tækifærin sem þar gefast til lesturs og eflingar á málþroska barnanna
- að fá foreldrasamfélagið með í verkefnið og gefa þeim verkfæri í hendur til að þjálfra málþroska og læsi barnanna
- að læra saman og hvert af öðru í hverfinu og vinna saman að samstarfsáætlunum mál og læsi

2. Lýsing á verkefninu

2.1 Aðstæður

Grafarholt og Úlfarsárdalur er vel afmarkað af stórum stofnæðum umferðar. Hverfið er nýtt, liggur austast í borginni og þekkist fólk þar ágætlega fyrir eins og algengt er þegar hverfin eru að byggjast upp. Áhugi er fyrir því hjá stjórnendum leik- grunn og frístundaheimila að auka samvinnuna börnunum til hagsbóta.

2.2 Hugmyndafræðin að baki verkefninu – af hverju var ákveðið að fara í verkefnið?

Gott læsi er ómetanlegt veganesti út í lífið. Í starfsáætlun SFS frá 2015 má er eftirfarandi texti: „Leggja þarf samfellda áherslu á málrækt og málörvun allra barna alla skólagönguna og læsi í víðum og hefðbundnum skilningi í skóla- og frístundastarfi.“ (Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur a, 2015). Hér verður notast við eftirfarandi

skilgreiningu á læsi sem Fagráð SFS leggur til í skýrslu sinni (Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur b,2015).

Læsi (e. literacy) vísar til hæfnar til að skilja og nota ritmál tungunnar í samræmi við kröfur samfélagsins og/eða óskir einstaklings. Í því felst að ungir lesendur geti tileinkað sér ýmiss konar texta og lagt í hann merkingu. Þeir lesi til að læra, til að taka þátt í samfélagi lesenda í skóla og daglegu lífi og þeir lesi sér til ánægju.

Gífurlega mikilvægt er að vel takist til en í Hvítbók menntamálaráðherra (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d.) segir eftirfarandi:

Niðurstöður úr PISA 2012 sýna að blikur eru á lofti í árangri íslenskra nemenda Bæði hefur árangur í lesskilningi versnað frá fyrstu mælingu árið 2000 og eins hefur samanburður við meðaltal annarra landa orðið óhagstæðar.

Ljóst er að átak er þörf og þar sem þorp þarf til að ala upp barn standa allir sem starfa með börnunum í hverfinu að umsókninni: Þjónustumiðstöðin, þrír leikskólar, tveir grunnskólar, tvö frístundaheimili og hinn samrekni Dalskóli. Þessar starfsstöðvar gegna mismunandi hlutverkum og hafa einnig myndað sér eigin dýrmætu og ólíku áherslur í starfi. Í verkefninu er ekki gert ráð fyrir að byggja upp samræmda stefnu í hverfinu, fyrst og fremst er það hugsað til að hver og ein starfsstöð geti bætt sig og fengið tækifæri til að læra af hinum ýmsu sérfræðingum og hvert af öðru.

2.3 Skipulag, umfang og framkvæmd verkefnisins

Verkefnið var nokkuð flókið í framkvæmd þar sem um marga ólíka starfsstaði er að ræða.

Það sem gerðist

- Stýrihópur hittist reglulega til að stilla saman strengi
- Handleiðari var fengin í verkefnið „Steinunn Torfadóttir“ lektor við Menntavísindasvið HÍ. Einnig komu starfsmenn Miðju máls og læsis að handleiðslu við verkefnið.
- Þrír stórir viðburður voru á vegum verkefnisins. Upphafserindi sem haldið var í Borgartúni, 7. hæð, þar sem Steinunn Torfadóttir hélt inngangserindi. Í Ingunnarskóla var haldinn einn sameiginlegur starfsdagur allra starfsstöðva að hausti fyrir fyrirlestra haldna af Steinunni Torfa, sniðna að ólíkum starfshópum. Fyrirlestrunum var ætlað að leggja grunn að þekkingu í lestrarfræðum. Í nóvember voru haldnar Menntabúðir í Sæmundarskóla þar sem allt starfsfólk gat valið sér ólíkar smiðjur eftir áhugasviði. Smiðjurnar voru: Lubbi finnur málbein, Læsi í útinámi, Tónmál, Málörvun og læsi barna í leikskóla og á yngsta stigi grunnskóla, Tvítyngi og læsi, Lestur – nýtum tæknina, Zjöundi í Zæmó, Samspil áhugahvatar og lesskilnings, Skapandi ritlistarkennsla.
- Smærri fræðslu- og samráðsfundir voru haldnir í hverfinu undir handleiðslu *Miðju máls og læsis*.
- Deildastjórar yngri – og eldri deilda leikskólanna hittust.
- Yngri barna kennarar hittust.

- Sérkennslustjórar leikskólanna og deildarstjórar sérkennslu skólanna til að skoða saman þær skimanir sem gerðar eru.
- Foreldraráð og félög hverfisins hittust, hlustuðu á fyrirlestur um læsi og ræddu saman.

3. *Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra*

Hver er reynslan af verkefninu á viðkomandi starfsstað/starfsstöðum og hvernig getur hún nýst öðrum?

Frá Dalskóla – leikskólahluta

Skilningur á námsefninu Lubbi finnur málbeinið jókst vegna námskeiðs sem hjálpaði til við að koma honum í gang. Fleiri starfsmenn hafa svo tekið námskeiðin og hann er notaður inni á deildum með yngri börnunum.

Bættum við EFI listanum sem er matslisti sem metur málþroska. Starfsmenn fóru á námskeið og lykilstarfsmenn eru komnir með réttindi til að nota hann. Nú er hann grundvallar plagg í foreldraviðtölum. Nú skráum við ætíð niður þau samskipti sem við eigum við Heilsugæsluna þegar börn eru búin að fara í ungubarnaeftirlitið. Sérstakt eyðublað var búið til og við nýtum okkur það í Dalskóla.

Við nýttum okkur mikið MML teymið þær Ingibjörgu og Þóru Sæunni og unnum áfram að matslista sem þær eru að þróa áfram. Þær komu hingað til okkar og heldu fundi með deildarstjórum og Sérkennslustjóra. Þessi listi miðar að því að gera áætlun um hvað það er sem við erum að leggja áherslu á á hverjum tíma háð aldri að sjálfsgöðu.

Verkefnið nýttist okkur vel því við fórum að huga betur að því hvað við værum að gera og hverju við þyrftum að bæta okkur í. Gott að fá hugmyndir á fundunum með leikskólakennurunum. Gaman að hitta aðra fagmenn.

Það sem hefði mátt betur fara að veita markvissari upplýsingum til starfsmanna. Upplýsingar um hvað væri í gangi og að stilla saman og miðla betur á hvaða leið við værum þ.e.a.s hvað um framhald, næstu skref, hvernig okkur miðar. Erfitt að halda verkefninu á lofti þess vegna. Allir sammála um að það þurfi að fylgja verkefninu betur eftir frá stjórnendum til starfsmanna.

Frá Dalskóla - grunnskólahluta

Dalskóli grunnskólahluti lagði strax mikla áherslu á að nýta verkefnið til þess að skerpa samræmd viðbrögð innan skólans, við niðurstöðum ýmissa skimana sem í skólanum fara fram. Það gagnaðist því skólanum mikið að sérkennarar ættu samtalið við sérkennara annarra grunnskóla.

Innra mat skólans og ytra mat hafa bent til þess að það er ekki samræmi á milli kennara og aldurshópa á hvern hátt er unnið með að auka orðaforða og málskilning/lesskilning. En okkur þykir ljóst að ef nást á betri almennur námsárangur þarf undirstaðan lesturinn og málskilningurinn að aukast, en margt bendir til þess að á þetta halli í íslenskum skólum. Dalskóli hefur því valið að auka hlut samræðunnar í kennslustundum með

markvissum aðgerðum. Með því móti viljum við þekkja hugstarf nemenda betur og teljum okkur þá betur í stakk búin til þess að mæta þeim þar sem þau eru stödd. Við nýtum aðferðir leiðsagnarnáms til þessa og erum að innleiða þær námsaðferðir í Samvinnu við Skóla- og frístundasvið. Í Dalskóla hefur alltaf verið lögð áhersla á að börn í 1.-4. bekk lesi daglega í skólanum auk heimalesturs. Hins vegar leiddi innra mat í ljós að kennarar ná þessu ekki daglega. Svo aukin hefur verið íhlutun í 1.-4. bekk og koma inn fullorðnir lestrarvinir til þess að aðstoða.

Verkefni, sem þetta Já það er gott að lesa, er aðhald fyrir okkur, það er uppspretta hugmynda, því jafningjafræðsla er ómetanleg. Við getum stolt horft á það sem við gerum vel og miðlað því og við getum lært af öðrum.

Frá Geislabaugi

Verkefnið var yfirgripsmikið og frekar óljóst í fyrstu og óvissa hvert þetta leiddi. En við vissum að með þessu verkefni myndum við að öllum líkindum bæta okkur í áherslum að læsi eða **málörvun** eins og við viljum oftast kalla læsi. Verkefnið gerði það að verkum að leikskólahlutinn hittist á minni fundum. Deildarstjórar yngstu barna og eldri barna og áttu samtál um hvað væri verið að gera í leikskólunum. Sérkennslustjórar hittust og báru saman bækur sínar. Sameiginlegir starfsdagar voru áhugaverðir og gáfu okkur aukna þekkingu. Við fengum líka staðfestingu á að við værum að gera góða hluti en alltaf má gera betur. Við eigum mikið af málörvunarefni mest er verið að nota Sögugrunninn, Markvissa málörvun og Lubbi finnur málbein. Orðagull er einnig notað.

Besta við þetta verkefni var að allir leikskólarnir í hverfinu komu sér saman um að nota eftirfarandi skimanir sem snýr að máltöku, málörvun barna: Þegar barnið er 2,6 ára – skoðun á heilsugæslu og kennari skráir helstu niðurstöður eftir símtal við hjúkrunarfræðing. Þegar barnið er 3,2 – 3,10 ára er lagt fyrir barnið EFI 2. Þegar barnið er 4 ára er aftur skoðun á heilsugæslu og haft samband við okkur. Síðan þegar barnið er 5 ára þá er Hljóm 2 lagt fyrir að hausti og aftur að vori ef barnið hefur komið illa út.

Frá Fjósínu & Stjörnulandi

Frístundarheimilin Fjosið, Stjörnuland og frístundarhluti Dalsskóla voru með starfsdag þar sem að starfsmenn voru upplýstir um verkefnið og tilgang þess. Fulltrúi Borgarbókasafns Reykjavíkur kynnti starfsemi bókasafnsins, hvernig við gætum nýtt bókasafnið í verkefnið og hvað það býður upp á.

Starfsfólk var síðan látið vinna í hópum og koma með tillögur á því hvernig hægt væri að útfæra verkefnið og stuðla að meiri læsi í frístundaheimilum í hvaða formi sem er, þar komu fram hugmyndir að t.d. væri hægt að stuðla að læsi í gegnum leik, hægt væri að nýta spjaldtölvur, búa til ýmsa hópa og spil.

Starfsfólkið taldi henta betur fyrir frístundaheimili að virkja börn í verklegum þáttum til læsis frekar en að fara hefðbundnar leiðir með bækur. Auðvelt væri að skapa leik eða jafnvel leikrit úr bókum og stuðla að skilningi og notkun orða sem að koma ekki fyrir í daglegu amstri. Mesta aðsókn reyndist vera í kaffihúsa klúbb þar sem að krakkarnir sköpuðu kaffihúsa stemmingu, spjall og dagblöð í takt við kaffihús nútímans.

Það vantaði ut anumhald og stýringu í verkefninu, hvatningu til að halda verkefninu gangandi til lengdar, verkefnið vakti okkur til umhugsunar hvað hægt er að vinna með læsi á margan hátt, að við getum unnið markvist að betri og meiri læsi án þess að vera í skólaumhverfi.

Frá Ingunnarskóla

Okkur finnst gaman að taka þátt í þessu verkefni í hverfinu. Það hefur gefið okkur innsýn inn í starf annarra stofnana og þá sérstaklega leikskólana. Við erum að ljúka við lestrarstefnu skólans og gaf verkefnið starfsfólki víðari sýn hvað hægt er að gera. Það var frábært að fá aðgang að svo fjölbreyttri fræðslu sem hver skóli hefði ekki getað boðið upp á. Einnig erum við betur meðvituð um að allir séu að vinna að sama marki og gaf verkefnið gott tækifæri til samvinnu á milli hópa og starfstöðva.

Varðandi mat á verkefninu var ekki var gerð sérstök könnun á stöðu nemenda í upphafi en hægt er að skoða þau gögn sem liggja fyrir í skólanum því lögð eru fyrir skimunarpróf á haustin og vorin á hverju ári.

Starfsfólk var almennt ánægt með menntabúðirnar sem haldnar voru í Sæmundarskóla en þar var áhersla lögð á að veita fræðslu sem nýtist beint inn í kennsluna og stuðla þannig að fjölbreyttari kennsluháttum. Sérstaklega kom fram ánægja með námskeiðið Læsi – nýtum tæknina en það námskeið var fjölsótt sér í lagi hjá mið- og unglingastigskennurum. Reynslan af menntabúðunum sýnir að það er þörf fyrir námskeið sem nýtast með beint inn í kennsluna og fólki getur valið það sem hentar þeim best.

Steinunn Torfadóttir var með fyrirlestur fyrir starfsfólk skólanna í upphafi verkefnisins. Hópnun var skipt eftir sérþekkingu, þannig að til dæmis listgreinarkennara sóttu saman fyrirlestur og sérkennara hittust saman og fengu fræðslu. Markmið fyrirlestranna var að efla faglega þekkingu starfsfólks á lestrarfræðum og hentuðu þeir vel fyrir einstaka faghópa innan skólanna en eftir á að hyggja hefði verið betra að fá fleiri fyrirlesara með mismunandi nálgun og sérþekkingu til að höfða betur til ólíkra starfshópa innan skólans.

Eitt af markmiðum verkefnisins er að stilla saman notkun á skimunum varðandi málþroska og læsi. Deildarstjórar sérkennslu í grunnskólunum og sérkennslustjórar í leikskólanum hafa hist til þess að útbúa yfirlit yfir skimunarpróf sem allir grunnskólarnir í hverfinu leggja fyrir.

Töluverður tími hefur verið nýttur til að ræða saman og finna leiðir sem nýtast nemendum okkar sem best til að auka þeirra árangur. Slíkar umræður og samstarf taka tíma en skipta miklu máli til þess að sjá hvað við eigum sameiginlegt, læra hvert af öðru og skapa grunn fyrir áframhaldandi samvinnu.

Frá Mariúborg:

Meðfram verkefninu styrktust ýmsir þættir í starfi Mariúborgar, meðal annars varð öll vinna með læsi sýnilegri, átak var tekið í vinnu með bókina *Lubbi finnur málbein* og oftast er farið í lestrarstundir og annað sem bókasafnið býður upp á. Þá styrktist sjálfstraust kennara við að meta hversu mikið unnið var með læsi í byrjun verkefnis, en við það mat nýttum við aðferðina *Stjörnur og laufblöð* þar sem hver starfsmaður gaf bæði sér sem og

deildinni stjórnur fyrir það sem vel er gert og laufblöð fyrir það sem mætti bæta. Starfsmenn voru sammála um að menntabúðir sem haldnar voru í Sæmundarskóla í nóvember 2016 hafi nýst hvað best til að styrkja læsisstarfið, fólk lærði nýjar aðferðir, söngva og sögur til að gera læsi að lifandi verkefni með ungum börnum. Þá ákváðum við að tengja bókina *Lubbi finnur málbein* við umhverfismennt og þemað áttthagar sem við vinnum að núna, sem styrkir heilstæða hugsun í læsinnámi.

Þeir þættir verkefnisins sem voru vel heppnaðir að mati starfsmanna Maríuborgar voru þeir sameiginlegu fræðslufundir sem haldnir voru. Skipulagsdagurinn í Dalskóla í ágúst 2016 þar sem deildarstjórar elstu barna hittu umsjónarkennara og frístundaleiðbeinendur á yngsta stigi grunnskóla og stilltu saman strengi sína þótti gagnlegur og vel heppnaður. Þá stóðu eins og áður sagði menntabúðirnar í Sæmundarskóla upp úr, bæði var þar fjölbreytt úrval fræðsluerinda, fyrirlestra, vinnubúða og námskeiða, en auk þess var létt andrúmsloft og einkar skemmtilegt að geta horft á milli ólíkra fræðslustöðva. Starfsmenn Maríuborgar voru ánægðir með síðu verkefnisins á Facebook, en þar fóru fram almennar umræður og deiling hugmynda og verkefna. Allir starfsmenn allra starfsstöðva (sem hafa aðgang að Facebook) voru meðlimir í þessari síðu. Það sem stóð upp úr verkefninu fannst fólki vera sú umhugsun sem verkefnið vakti, fólk varð meðvitaðra um mikilvægi læsis og að tengja það inn í allt daglegt starf og lesa fyrir börn á lifandi, gagnvirkkan og skemmtilegan hátt.

Mat okkar í Maríuborg er að það sem helst hefði betur mátt fara var utanumhald, skipulag og sýnileiki verkefnisins. Verkefnið var langt því frá markvisst eða heilsteyp, kannski vegna vöntunar á handleiðslu verkefnisins í heild og yfirsýnar yfir ólíkt starf skólastiga.

Frá Reynisholti

Okkur fannst þetta verkefni gefa góða viðbót við það starf sem fyrir var hjá okkur í Reynisholti. Við vorum að vinna með margt í sambandi við læsi en var þetta til þess að við horfðum meira gagnrýnum augum á hvað við vorum að gera og af hverju. Það er alltaf gott að horfa inn á við og ígrunda sitt eigið starf og meta hvað er að ganga vel og hvað má betur fara. Deildarstjórum fannst gott að hittast og ræða við aðra deildarstjóra í hverfinu og miðla sín á milli hvað þeir eru að gera og hvaða efniviður hefur verið að gagnast vel í vinnu með læsi og málörvun. Sérkennslustjórar hittust einnig á sér fundum og samræmdu m.a. vinnuaðferðir og hvaða skimanir eru notaðar. Það var gott framtak og mun eflaust gagnast öllum vel. Ánægja var hjá starfsfólki leikskólans með námskeiðin sem voru í boði á sameiginlegum skipulagsdegi í nóvember 2016. Áhugaverð námskeið voru í boði og fólk ánægt með að geta valið eftir áhugasviði. Höfum við eftir þetta m.a. nýtt okkur efniviðinn *Lubbi finnur málbein* og verkefni frá Tónmál.

Það sem betur hefði mátt fara var skipulagning. Verkefnið varð ómarkvisst á köflum og datt því svolítið niður á milli viðburða.

Frá Sæmundarskóla

Sérkennarar skólans er sá hópur sem ánægðastur er með verkefnið. Þeir vilja gjarnan halda áfram að vinna með sérkennurum og sérkennslustjórum skólanna í hverfinu. Þar hefur verklag við skimanir verið rýnt og samræmt í hverfi. Í ljós kom að niðurstöður eru

gjarnan kynntar frá leikskólum og yfir til grunnskóla en grunnskólinn þarf líka að kynna niðurstöður skimana til leikskólans og hægt sé að bregðast við í leikskólanum.

Umsjónakennararnir voru ekki ánægðir með upphafsfræðsluna og telja ekki hafa verið tekið tillit til þeirrar þekkingar sem þeir búa yfir þegar hún var skipulögð.

Íþrótt og listgreinakennarar vilja frekar læra meira um að kenna sínar greinar en læsi. Sú skoðun kom fram að í list- og verkgreinum séu kennslustundir þar sem þarf ekki að vera að lesa og börn eigi rétt á slíkum tímum.

Verkefnið hvatti klárlega alla til upphugsunar um læsi en enn er verið að leita að góðum leiðum til að verða betri í því verkefni. Almenn ánægja var með sameiginlega starfsdaginn og áhugi fyrir að halda slíkum Menntabúðum áfram.

Það sem betur mátti fara: Kennarar hefðu viljað markvissari námskeið í ákveðnum leiðum sem hægt væri að fara til að efla læsi. Þeim finnst verkefnið mjög yfirgripsmikið og það leiða til að erfitt sé að finna eitthvað markvisst til að innleiða í starfshættina. Kynningu á verkefninu var ábótavant og hefði þurft markvissari umræðu til allra um stöðuna og leiðirnar sem var verið að fara.

4. Mat á verkefninu

Eftir menntabúðirnar í Sæmundarskóla í nóvember 2016 var lögð fyrir alla starfsmenn rafræn könnun á því hvort og hvernig starfsmenn hefðu nýtt sér fræðsluna í starfi. Könnunin var í fjórum liðum, tvær lokaðar spurningar þar sem spurt var um hvaða smiðjum þátttakendur hefðu tekið þátt í og eins hversu gagnleg og skemmtileg þeim hefði þótt fræðslan. Þá voru tvær opnar spurningar þar sem þátttakendur voru beðnir um að leggja mat sitt á þá fræðslu sem í boði hafi verið. **Alls skráðu sig 172 kennarar á námskeiðin en 87 svöruðu könnuninni.**

Lubbi finnur málbein	16.87%	14
Málörvun og læsi - MML	9.64%	8
Tvítyngi og læsi - MML	8.43%	7
Frá hönd til hugar	8.43%	7
Tónmál	8.43%	7
Lestur - nýtum tæknina	25.30%	21
Zjōundi í Zæmó	1.20%	1
Heimsókn í FG og Hönnunarsafnið	8.43%	7
Fljúgum hærra - skapandi ritsmíð	9.64%	8
Tengsl áhugahvatar og læsis	8.43%	7

Mynd 1 – Dreifing þátttakenda (hlutfall í prósentum og fjöldi) á ólíkar smiðjur í menntabúðum í nóvember 2016

Eins og sést á mynd 1 var mest þátttaka í smiðju um bókina *Lubbi finnur málbein* og hvernig nýta má þá aðferð og þau námsgögn í málörvun ungra barna, sem og í smiðju um nýtingu tækni, spjaldtölva og smáforrita við lestrarkennslu. Efstu fimm smiðjurnar á myndinni voru leikskólamiðaðar en neðstu fimm smiðjurnar á myndinni voru grunnskólamiðaðar. Þátttakendur voru ekki spurðir á hvoru skólastiginu þeir kenndu.

	MJÖG SAMMÁLA	FREKAR SAMMÁLA	HVORKI NÉ	FREKAR ÓSAMMÁLA	MJÖG ÓSAMMÁLA
Námskeiðið/smiðjan var gagnlegt	59.76% 49	30.49% 25	4.88% 4	3.66% 3	1.22% 1
Ég mun nýta mér efni í kennslu/starfi	43.21% 35	37.04% 30	11.11% 9	7.41% 6	1.23% 1
Mér fannst námskeiðið/smiðjan skemmtileg	68.29% 56	20.73% 17	6.10% 5	4.88% 4	0.00% 0

Mynd 2 – Mat þátttakenda á smiðjum í menntabúðum í nóvember 2016

Eins og sést á mynd 2 fannst 90% þátttakenda smiðjan sem þeir sóttu í menntabúðunum gagnleg og gátu 80% þátttakenda hugsað sér að nýta sér fræðsluna í starfi. 89% þátttakenda fannst smiðjan sem þeir tóku þátt í vera skemmtileg.

Þátttakendur voru spurðir með opinni spurningu hvað þeim fyndist myndi gagnast þeim best í framhaldinu af menntabúðunum. Svarendur þessarar spurningar voru 47 af 85 þátttakendum eða 55% þeirra sem svöruðu könnuninni. Margir nefndu betri aðstöðu í sínum skóla, meiri tækjabúnað sem og dýpri fræðslu um sama efni eða tíma til að vinna það lengra.

Mjög margir svarendur nefndu að þeir vildu fá tækifæri til að miðla hugmyndum og reynslu sín á milli. Kennarar virðist vanta vettvang, aðstöðu, tíma eða átyllu til að hitta aðra kennara sem kenna börnum á sama aldri. Í svörum kom sú hugmynd að mynda starfshópa þvert á skólanna sem hefðu það hlutverk að deila hugmyndum og koma á faglegri umræðu milli skólanna. Þá komu líka fram hugmyndir um sameiginlegan gagnabanka skólanna og umræðusíður á netinu þar sem færi fram virk umræða og deiling verkefna.

Einnig voru margir svarendanna sem lýstu ánægju með menntabúðirnar og vildu festa þær í sessi. Helst þótti vöntun á fræðslu fyrir list- og verkgreinakennara grunnskólanna, og var þar nefnd ósk um námskeið í læsi gegnum söng og ljóð sem og í gegnum hreyfingu og listsköpun. Þá þótti vöntun á fræðslu um hugtakanotkun í öðrum fögum en íslensku, það er í náttúru- og samfélagsfræðum. Nokkrar hugmyndir komu fram um aukna fræðslu, meðal annars námskeið í skapandi skrifum og ritsmíð, móttaka íslenskra barna sem lengi hafa búið erlendis, málörvun á fjölbreyttari hátt í leikskóla, fræðsla til leikskólakennara um þróun lestrarfærni barna og spjaldtölvukennsla. Þá vildi fólk sjá fleiri örfyrirlestra svo hægt væri að sækja fleiri erindi á sama degi og fá fleiri tækifæri til að heimsækja aðra skóla (á öllum stigum) til að sjá starfið í verki.

Þátttakendur voru að lokum beðnir um að leggja mat á þá fræðslu sem fram hafði farið í tengslum við verkefnið fram að þessu, það er opnunarerindi í Höfðatorgi, umræðufundir og fræðsluerindi einstakra hópa, sameiginlegir skipulagsdagar sem og umræður á Facebook síðu verkefnisins. Spurningin var opin og voru 49 þátttakendur af 85, eða 58% þeirra sem svöruðu könnuninni.

Þátttakendur voru almennt ánægðir með menntabúðirnar í Sæmundarskóla, helst að það vantaði fræðslu til þeirra sem kenna aðrar greinar en íslensku eins og áður hefur komið fram. Skipulagsdagur allra grunnskólakennara og deildarstjóra elstu barna í leikskólum sem haldinn var í Ingunnarskóla þótti allt of þungur og fræðilegur auk þess sem aðallega var farið yfir efni sem kennarar þekktu vel. Það sama átti við um opnunarerindi verkefnisins sem haldið var í Höfðatorgi. Þá þótti verkefnið í heild fremur grunnskólamiðað heldur en leikskólamiðað.

Deildarstjórar leikskóla voru almennt óánægðir með fræðsluerindi ætlað þeim, sem fram fór í tvennu lagi annars vegar fyrir deildarstjóra eldri barna og hins vegar deildarstjóra yngri barna. Þótti fyrirlesturinn óáheyrilegur þó efnið væri áhugavert og umræðum var illa stýrt í lokin svo þær leiddust út í allt önnur mál.

Frístundarstarfsmenn, sem voru þátttakendur í verkefninu, voru útilokaðir frá stærsta fræðsluvettvanginum þar sem frístundaheimilin voru opin daginn sem menntabúðirnar fóru fram. Kom fram óánægja þessara starfsmanna með það.

Almennt þótti fræðslan sem fram fór of fræðileg og þótti fremur vanta verkleg verkefni til að nýta í kennslu. Margir bentu á að það vantaði meira samtal og möguleikar til samstarfs milli skólanna, þá milli kennara sem kenna börnum á sama aldri með svipaðar þarfir. Köllun var eftir gagnvirkum hugmyndabanka sem væri sameiginlegur milli skólanna sem og vettvangi til umræðna, bæði á neti og í raunheimum og eins konar hugarflugsfundum.

Facebook síðan þótti vel heppnuð, en umræðan þótti ekki nógu virk og vantaði að hafa umræðustjóra sem settu inn nýtt efni reglulega til að ræða um. Vildi fólk gjarnan halda síðunni áfram og lifandi.

Á heildina litið þótti verkefnið ekki nægilega skýrt og vantaði að hver skólastofnun gerði sér sitt aðgerðaplan með sértækum markmiðum. Þá vantaði greinilega að hver stofnun upplýsti starfsmenn sína betur um markmið verkefnisins í heild.

5. Greinargerð um notkun styrkfjár

Styrkfé var nýtt til að fá handleiðslu verkefnastjórans Steinunnar Torfadóttir. Einnig var greitt fyrir fyrirlestra og námskeið á sameiginlega starfsdeginum. Féð var einnig notað til að kaupa góðar veitingar og efla starfsgleðina.

6. *Kynning á verkefninu*

Í upphafi vegferðarinnar, þegar við stjórnendur hittumst til þess að leggja grundvöll af því að starfa saman að því að mennta hópinn okkar og hvetja hann til samstarfs, var það á hendi hvers stjórnanda að vinna verkefninu brautargengi á viðkomandi starfsstöð. Stofnaðar voru tvær fésbókarsíður fyrir hverfið, önnur fyrir alla starfsmenn til að halda utan um þekkingu og miðla hugmyndum. Hin var hugsuð fyrir stýrihópinn þar sem fundargerðir hóps fóru inn og ákvarðanir voru oft teknar.

Það er áskorun blása lífi í mikilvæga umræðu um læsi. Það þarf að finna nýja fleti, að fá fólk til þess að vilja kafa á dýptina og í einhverjum tilvikum tileinka sér nýja starfshætti. Allir skólarnir hafa verið með lestur sem hornstein og sem þróunarverkefni í mörg ár og því erfitt fyrir stjórnendur að leiða þetta úr sitthvorri stjórnstöðinni og blása lífi í glæður eða magna elda. Eins og sjá má í þessari skýrslu fór ýmislegt af stað og margt heppnaðist vel s.s. fræðsla og umræður starfsmanna. Veikleiki verkefnisins var hversu vítt það var, ólíkar starfsstöðvar voru að vinna á ólíkan hátt og saman. Betra hefði verið að fá verkefnastjóra sem héldi utan um upplýsingagjöf og stillti markvisst saman strengi.

Heimildaskrá

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur a. (2015). *Stefna og starfsáætlun SFS 2015*. Sótt af http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/starfsaetlun_sfs_2015.pdf

Skóla- og frístundsvið Reykjavíkur b. (2015). *Fagráð um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings í leik- og grunnskólum –áfangaskýrsla, 2015*. Sótt af http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/fagrad_laesi_skyrsla_loka.pdf sem Fagráð SFS leggur til í skýrslu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (e.d.). *Hvítbók um umbætur í menntun*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf

Fylgiskjöl

Skráning á skimunum – leikskólar